

Fimmtudaginn 19. febrúar 1948.

Nr. 94/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)
 gegn

Reinhard Lárussyni, Fanneyju Lilju Guð-
mundsdóttur og Guðmundi Svavari Guð-
mundssyni (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Brot gegn gjaldeyris- og verðlagslögjöf.

Dómur hæstaréttar.

Pantanir á bifreiðum þeim, sem ólöglega voru fluttar til landsins, annaðist kærði Reinhard Lárusson einn, og er ekki sannað, að kærðu Fanneyju Lilju og Guðmundi Svavari hafi verið um þær kunnugt. Og þar sem ekki er fram komið, að þau Fanney og Guðmundur hafi átt færi á því að vita um þær tvær pantanir, sem hér er um að tefla, og þar með átt þess kost að skerast í leikinn og hindra innflutninginn, þá ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, að því er þau varðar.

Kærði Reinhard Lárusson hefur tvisvar áður verið dæmdur til refsingar fyrir brot á verðlags- og gjaldeyrislöggjöf-inni. Með tilliti til þess og samkvæmt sakaratriðum máls þessa, sem rakin eru í héraðsdómi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 35000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 4 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hér fyrir dómi hefur ákærvaldið horfið frá kröfu um upptöku eigna.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber kærða Reinhard Lárussyni að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Það athugast, að málshöfðunartilkynning í héraði er ekki svo skýrt mörkuð sem skyldi.

Dómsorð:

Kærðu, Fanney Lilja Guðmundsdóttir og Guðmundur Svavar Guðmundsson, eiga að vera sýkn af kærnu valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kærði Reinhard Lárusson greiði kr. 35000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 4 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. apríl 1947.

Ár 1947, föstudaginn 18. apríl var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1096—98/1947: Valdstjórnin gegn Reinhard Lárussyni, Guðmundi Svavari Guðmundssyni og Fanneyju Lilju Guðmundsdóttur, sem dómtekið var hinn 17. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Reinhard Lárussyni framkvæmdastjóra, Guðmundi Svavari Guðmundssyni trésmið, og Fanneyju Lilju Guðmundsdóttur frú, öllum til heimilis á Auðarstræti 9 hér í bæ, fyrir brot gegn innflutnings- og gjaldeyrislöggjöfinni.

Hin kærðu eru komin yfir lögaldur sakamanna, og hefur Fanney Lilja eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Kærði Reinhard hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

- 1942 $2\frac{1}{2}\%$ Sátt, 30 kr. sekt fyrir að hafa of marga farþega í framseti bifreiðar.
- 1944 $1\frac{1}{2}\%$ Sátt, 250 kr. sekt og 400 kr. skaðabætur fyrir brot gegn 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1945 $\frac{1}{2}\%$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 2500 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 1 1943 og 1. gr., sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 77 1943.
- 1946 $\frac{1}{4}\%$ Áminning fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Hafnarfjarðar.
- 1947 $2\frac{1}{4}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 15. kafla hegningarlaganna, 7000 kr. sekt fyrir brot gegn verðlags- og gjaldeyrislöggjöfinni. Greiði in solidum, f. h. h/f Columbus, til ríkissjóðs upptækan ólöglegan ágóða, kr. 20 590.14.
- 1947 $1\frac{1}{2}\%$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Ákærði, Guðmundur Svavar, hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærur og refsingum:

- 1932 $2\frac{3}{4}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir að hjóla ljóslaus og að sýna mótþróa.
- 1932 $2\frac{3}{4}$ Áminning fyrir rúðubrot. Lofaði skaðabótum.
- 1934 $\frac{8}{1}$ Kærður fyrir árás. Afgreitt með skaðabótum.
- 1936 $2\frac{1}{4}$ Kærður fyrir hnupl. Látið falla niður, með því að þýfið var undir 30 kr. virði og málssóknar ekki krafizt af hlutaðeiganda.
- 1938 $\frac{7}{1}$ Áminning fyrir að klifra yfir sundlaugagirðingu og fara í laugina án heimildar að næturlagi.
- 1940 $\frac{4}{11}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.
- 1941 $2\frac{5}{11}$ Sátt 5 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. e- og c-lið lögreglu-samþykktar Reykjavíkur.
- 1947 $2\frac{7}{1}$ Dómur, sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 15. kafla hegningarlaganna, verðlagslöggjöfnni og gjaldeyrislöggjöfnni. Dæmdur til in solidum að greiða vegna h/f Columbus til ríkissjóðs upptækan ólöglegan ágóða, kr. 20590.14.

Hin kærðu eru og hafa á þeim tíma, er þeir atburðir gerðust, sem mál þetta er af risið, verið í stjórn hlutafélagsins Columbus, sem rekið hefur heildverzlun hér í bæ. Er kærði Reinhard og hefur verið formaður félagsstjórnarinnar og framkvæmdastjóri félagsins. Kærða Fanney Lilja er eiginkona hans og kærði Guðmundur Svavar bróðir hennar.

Með bréfi, dagsettu 3. f. m., kærði Viðskiptaráð yfir því, að með c/s Lublin, sem kom til Reykjavíkur 14. febrúar s. l. og með c/s Grabbestrom, sem kom til Reykjavíkur 23. febrúar s. l. hefðu komið 195 bifreiðar til Columbus h/f frá Renault bifreiðasmiðjunum í Frakklandi og að þær væri flest allar eða jafnvel allar að áliti ráðsins fluttar til landsins án innflutnings- og gjaldeyrisleyfis.

Við rannsókn málsins hefur kærði Reinhard gefið skýrslu af félagsins hálfu um málavexti, enda er hann sá hinna kærðu, er um bifreiðainnflutning þennan fjallaði.

Félagið hefur frá öndverðu síðastliðnu ári verið einkaumboðsmaður hér á landi fyrir Renault bifreiðasmiðjurnar og á því ári fékk það innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir 147 bifreiðum frá bifreiðasmiðjunum. Þegar gildistími leyfa þessara rann út á síðastliðnum áramótum, átti félagið ónotað leyfi fyrir 53 fólksbifreiðum og 25 sendiferðabifreiðum eða samtals 78 bifreiðum. Hinn 24. janúar s. l. endurnýjaði Viðskiptaráð leyfin fyrir fólksbifreiðunum, 53 að tölu, enda hafði félagið þá fyrir nokkru fengið hingað 50 slíkar bifreiðar, sem biðu tollafgreiðslu eftir framlengingu leyfanna. Hafði félagið því leyfi fyrir þremur fólksbifreiðum, þegar bifreiðar þær, sem mál þetta snýst um, komu til landsins. Auk þess hefur það leyfi fyrir einni fólksbifreið, útgefið til handa Stórstúku Íslands. Eru þannig til innflutnings- og gjaldeyrisleyfi

fyrir 4 bifreiðanna. Leyfin fyrir sendiferðabifreiðunum, sem féllu úr gildi á áramótum, hafa eigi verið endurnýjuð. Hefur félagið því eigi fengið innflutnings- eða gjaldeyrisleyfi fyrir 191 þeirra bifreiða, sem kært er yfir að það hafi flutt til landsins.

Kærði Reinhard skýrir svo frá, að mikil eftirspurn hafi verið hér eftir Renault bifreiðum og að sökum þess, að treg hafi verið afgreiðsla á bifreiðum þessum frá verksmiðjunni, hafi hann í þau þrjú skipti, sem hann hefur komið í verksmiðjurnar, farið fram á að fá hjá þeim eins mikið af bifreiðum og þeim væri unnt að láta, og hið sama hafi hann farið fram á bæði í skeytum og bréfum.

Síðast í s. l. janúar barst félaginu skeyti frá verksmiðjunum þess efnis, að þær væru að senda því 100 fólksbifreiðar, 15 sendiferðabifreiðar og 10 flutningsbifreiðar, alls 125 bifreiðar. Kærði Reinhard samþykkti þetta um hæl í svarskeyti. Nokkru síðar barst félaginu annað skeyti frá verksmiðjunum þess efnis, að þær sendu félaginu 50 fólksbifreiðar og 20 sendiferðabifreiðar, alls 70 bifreiðar, og var þessu skeyti einnig svarað samþykkjandi. Kærði Reinhard heldur því fram, að sér hafi þótt fyrri talan, 125 bifreiðar, svo há, að ótrúleg væri, og þess vegna hafi hann álitid, þegar hann fékk síðara skeytið, að verksmiðjurnar ætluðu einungis að senda félaginu 65 bifreiðar, en þá tölu fékk hann í huga vegna misskilnings á hinu franska símskeyti. Hitt segir hann sér eigi hafa komið til hugar að senda ætti félaginu bifreiðarnar, sem síðara skeytið var um, til viðbótar þeim, sem fyrra skeytið var um.

Þegar kærði Reinhard samþykkti nefnd skeyti, var honum ljóst, að félagið hafði eigi nema að hverfandi leyti innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bifreiðunum, en hann kveðst hafa samþykkt skeytin í því skyni að tryggja félaginu bifreiðarnar upp á væntanleg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi á þessu ári, eða þá a. m. k., að kaupendurnir hér fengju sjálfir leyfin. Áleit hann, að félagið mundi fá sinn skerf af bifreiðainnflutningi þessa árs eins og hins liðna. Enn fremur kveðst hann hafa álitid, að sending bifreiðanna hingað mundi taka svo langan tíma að unnt yrði að stöðva hana, er leyfin fengjust ekki.

Kærðu önnuðust ekki útvegum skiprúms fyrir bifreiðarnar hingað, en þegar kærði Reinhard fékk vitneskju um það hjá afgreiðslum áðurnefndra skipa hér, hversu mikið af bifreiðum væri væntanlegt frá verksmiðjunum, sendi hann verksmiðjunum skeyti um að stöðva allar bifreiðasendingar til félagsins vegna vöntunar innflutningsleyfa. Þegar verksmiðjunum barst þetta skeyti, voru skipin farin af stað með bifreiðarnar, og var því eigi kleift að stöðva flutning þeirra hingað, en hætt var við að senda félaginu 105 bifreiðar, sem verksmiðjurnar höfðu ætlað því til viðbótar hinum.

Félaginu hefur verið synjað innflutnings- og gjaldeyrisleyfis fyrir áðurnefndri 191 bifreið og hefur því eigi greitt andvirði þeirra. Farmgjöld bifreiðanna hefur félagið verið krafid um, og eru

bifreiðarnar geymdar á vegum skipaafgreiðslanna. Með afskiptum sínum af innflutningi bifreiðanna hefur kærði Reinhard gerzt brotlegur við 1. gr. 1. mgr. sbr. 17. gr. 1. mgr. reglugerðar nr. 7 16. janúar 1946, sbr. 2. gr. 2. tölulið sbr. 7. gr. laga nr. 91 30. nóvember 1945. Bæði hann og meðstjórnendur hans í félaginu, kærðu Guðmundur Svavar og Fanney Lilja, eru á einu máli um, að hann hafi einn ráðstafað innflutningi bifreiðanna fyrir félagsins hönd, og að meðstjórnendurnar hafi þar engu um ráðið og að innflutningur þessi hafi eigi verið ræddur á stjórnarfund. Kveðst kærða Fanney aldrei hafa setið stjórnarfund í félaginu og kærði Guðmundur Svavar eigi síðan í apríl 1946. Hinn 18. desember s. l. fór kærði Guðmundur Svavar utan og var í þeirri för til 19. febrúar s. l. Var hann því erlendis, þegar skeytin um bifreiðainnflutninginn fóru milli félagsins og verksmiðjanna. Þykir meðstjórnendunum eigi verða gefin sök á innflutningi bifreiðanna, og ber því að sýkna þá af kærum valdstjórnarinnar í málinu.

Refsing kærða Reinhards samkvæmt framansögðu þykir hæfilega ákveðin 20 þúsund króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhaldi í 3 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eigi þykir rétt, eins og máli þessu er háttað, að beita eignaupp-töku samkvæmt 69. gr. hegningarlaganna. Þar sem vörn skipaðs verjanda hinna kærðu, hrl. Einars B. Guðmundssonar, fjallar nær eingöngu um mál þetta almennt og þátt kærða Reinhards í því, en málsvarnarlauna er eigi krafizt, að því er vörn fyrir hann snertir, verða engin málsvarnarlaun tildæmd.

Kærða Reinhard ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Kærð, Guðmundur Svavar Guðmundsson og Fanney Lilja Guðmundsdóttir, skulu vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Kærði Reinhard Lárusson greiði kr. 20000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Reinhard Lárusson greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.